

Stjórnartíðindi

2004 - B-deild - B148-153

Útgáfa 1.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfunduð skjalsins prentteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Rit B154-155 árið 2004 inniheldur endurprentaðar bls. 2407-2408.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 148-153

Nr. 955-977

2004

Efnisyfirlit B 148–153 2004

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
955	26. nóv.	Auglýsing um nýtt og breytt deiliskipulag í Reykjavík	2377
956	26. nóv.	Auglýsing um deiliskipulag Glerárgils neðra og Glerárvirkjunar, Akureyri	2378
957	1. des.	Auglýsing um breytingu á grunnfjárhæðum erfðafjárskatts skv. lögum nr. 83/1984	2378
958	6. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 522/2004, um ÍLS-veðbréf og íbúðabréf, með síðari breytingum	2379-2380
959	6. des.	Reglugerð um lánshlutfall og fjárhæð ÍLS-veðbréfa.....	2380-2381
960	6. des.	Reglugerð um úthlutun á 3.200 þorskígildislestum til stuðnings byggðarlögum	2382-2384
961	1. des.	Auglýsing um umferð í Dalvíkurbyggð	2385
962	8. des.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, Lundur og tenging Hafnarfjarðarvegar, Skeljabrekku og Nýbýlavegar	2385-2386
963	24. nóv.	Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg	2386
964	18. nóv.	Reglugerð um sjálfvirkar vogir	2387-2392
965	19. nóv.	Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Djúpavogshrepps	2393-2397
966	14. okt.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 575/2001 um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum	2397-2398
967	20. nóv.	Auglýsing sveitarstjórnar um samþykkt á deiliskipulagi við Akurgerði, Stóru-Vogaskóla og Vogatjörn í Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi	2398
968	29. nóv.	Gjaldskrá Hitaveitu Flúða	2398-2400
969	24. nóv.	Auglýsing um deiliskipulag í Borgarbyggð	2400
970	30. nóv.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi fyrir austurbæ Vestmannaeyja	2401
971	1. nóv.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 431/1998 um ökuferilsskrá og punktakerfi vegna umferðarlagabrota	2401
972	25. nóv.	Auglýsing um nýtt deiliskipulag í Hveragerði	2402
973	29. nóv.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi íbúðarhverfis í Norðurbæ, Reykjavíkurvegi 45 í Hafnarfirði	2402
974	26. nóv.	Auglýsing um samstarf um almannavarnir	2402
975	16. nóv.	Reglugerð um vinnu- og hvíldartíma skipverja á íslenskum fiskiskipum	2403-2405
976	26. nóv.	Skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Helgu Jónasdóttur og Bjarna Snæbjörnssonar, lækni í Hafnarfirði	2405-2407
977	10. nóv.	Reglur fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag Reykjanesbæjar, Sandgerðisbæjar, Gerðahrepps og Keflavíkurflugvallar 1995-2015	2407-2408

STJÓRNARTÍÐINDI B 148 – 2004

26. nóvember 2004

2377

Nr. 955

AUGLÝSING

um nýtt og breytt deiliskipulag í Reykjavík.

Tryggvagata 28 og Pósthússtræti 2.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 17. nóvember 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Tryggvagötu 28 og Pósthússtræti 2, sameining lóða.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Sogavegur.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 7. október 2004 deiliskipulag fyrir Sogaveg.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 26. nóvember 2004.

Helga Bragadóttir skipulagsfulltrúi.

STJÓRNARTÍÐINDI B 149 – 2004

Nr. 956

2378

26. nóvember 2004

AUGLÝSING

um deiliskipulag Glerárgils neðra og Glerárvirkjunar, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 16. nóvember 2004 í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulag fyrir Glerárgil milli Bandagerðisbrúar og brúar á Borgarbraut.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir endurreisn Glerárvirkjunar með tilheyrandi þrýstipípu, stöðvarhúsi og öðrum mannvirkjum. Afmörkuð er lóð fyrir íbúðarhúsið Sólvang, með byggingarreit fyrir núverandi hús og nýjan bílskúr.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

Akureyri, 26. nóvember 2004.

F.h. Akureyrarbæjar,

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Nr. 957

1. desember 2004

AUGLÝSING

um breytingu á grunnfjárhæðum erfðafjárskatts skv. lögum nr. 83/1984.

Grunnfjárhæð skv. 4. gr. verður kr. 903.057.

Grunnfjárhæð skv. 6. gr. verður kr. 64.997.

Breyting þessi tekur gildi 1. desember 2004 og gildir til 30. nóvember 2005.

Fjármálaráðuneytinu, 1. desember 2004.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Ragnheiður Snorradóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 150 – 2004

6. desember 2004

2379

Nr. 958

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 522/2004,
um ÍLS-veðbréf og íbúðabréf, með síðari breytingum.

1. gr.

1. málsl. 6. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Íbúðabréf skulu gefin út sem framseljanleg rafrænt eignarskráð veðbréf.

2. gr.

9. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Áður en Íbúðalánasjóður veitir lán samkvæmt þessari reglugerð skal væntanlegur lántaki fá greiðslugetu sína metna í samræmi við reglur sem stjórn sjóðsins setur. Ef þau skilyrði eru ekki uppfyllt er sjóðnum heimilt að synja um lánveitingu.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðanna „eða fasteignaveðbréfs“ í 1. mgr. kemur: eða annarra skuldabréfa í eigu Íbúðalánasjóðs.
- b. Í stað orðanna „eða fasteignaveðbréf“ í b-lið 2. mgr. kemur: eða annað skuldabréf í eigu Íbúðalánasjóðs.

4. gr.

31. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Íbúðalánasjóður heimilar ekki nýja veðsetningu á undan ÍLS-veðbréfi nema getið sé um slíka veðsetningu í veðbréfinu. Koma þau lán til frádráttar hámarksfjárhæð.

Íbúðalánasjóði er heimilt að fallast á veðsetningu á undan öðrum áhvílandi lánum sjóðsins en ÍLS-veðbréfum, svo fremi sem sameiginleg uppreiknuð fjárhæð eftirstöðva lánsins og nýs láns er ekki hærri en hámarkslán Íbúðalánasjóðs á hverjum tíma, hún rúmist innan matsverðs eignarinnar og brunabótamats skv. 30. gr. og fari ekki yfir 90% af markaðsvirði hennar.

5. gr.

Á eftir orðunum „Skuldurum fasteignaveðbréfa“ í 34. gr. reglugerðarinnar bætast við orðin: og viðbótarlána.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 19. gr. og 29. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um viðbótarlán, nr. 783/1998, með síðari breytingum.

Viðbótarlán sem samþykkt hafa verið af húsnæðisnefnd viðkomandi sveitarfélags fyrir 4. desember 2004 skulu afgreidd samkvæmt ákvæðum VII. kafla laga um húsnæðismál og reglugerðar um viðbótarlán. Samanlögð fjárhæð viðbótarláns og almenns láns skv. VI. kafla sömu laga getur að hámarki numið 13.000.000 kr.

Félagsmálaráðuneytinu, 6. desember 2004.

Árni Magnússon.

Guðjón Bragason.

REGLUGERÐ

um lánshlutfall og fjárhæð ÍLS-veðbréfa.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um lánshlutfall og fjárhæðir ÍLS-veðbréfa, sem gefin eru út samkvæmt lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

Um framkvæmd og nánari skilyrði lánveitinga Íbúðalánasjóðs gildir reglugerð um ÍLS-veðbréf og íbúðabréf.

2. gr.

Lánshlutfall.

Fjárhæð ÍLS-veðbréfs skv. VI. kafla reglugerðar um ÍLS-veðbréf og íbúðabréf getur numið allt að 90% af matsverði íbúðar.

3. gr.

Hámarksfjárhæð.

Hámarkslán Íbúðalánasjóðs bæði til kaupa á notaðri íbúð og vegna nýbygginga er 14.900.000 kr. Uppfærð áhvílandi lán Íbúðalánasjóðs og framar áhvílandi veð annarra veðhafa koma til frádráttar fyrrgreindri fjárhæð.

4. gr.

Hámark lána vegna viðauka og til endurbóta.

Lán skv. VII. kafla reglugerðar um ÍLS-veðbréf og íbúðabréf, ásamt öllum uppfærðum lánnum sem á undan hvíla, skal rúmast innan 90% af matsverði viðkomandi íbúðar.

Fjárhæð láns samkvæmt þessari grein og uppreiknaðra áhvílandi lána Íbúðalánasjóðs, má samanlagt ekki nema hærri fjárhæð en 14.900.000 kr. Aukalán til einstaklinga með sérþarfir skerða ekki þetta hámark.

Útgefið ÍLS-veðbréf samkvæmt þessari grein skal að lágmarki nema 570.000 kr.

5. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 19. gr. og 29. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um láns hlutfall og hámarksfjárhæð ÍLS-veðbréfa, nr. 521/2004, með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytinu, 6. desember 2004.

Árni Magnússon.

Guðjón Bragason.

STJÓRNARTÍÐINDI B 151 – 2004

Nr. 960

2382

6. desember 2004

REGLUGERÐ

um úthlutun á 3.200 þorskígildislestum til stuðnings byggðarlögum.

1. gr.

Á fiskveiðiárinu 2004/2005 skal úthluta 3.200 þorskígildislestum til stuðnings byggðarlögum sbr. 2. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Magn þetta skiptist í einstakar fisktegundir miðað við slægðan fisk þannig: Þorskur 2.187 lestir, ýsa 960 lestir, ufsi 747 lestir og steinbítur 149 lestir.

Af 3.200 þorskígildislestum skal miðað við að 2000 þorskígildislestum sé ráðstafað til minni byggðarlaga sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og háð eru veiðum og vinnslu á botnfiski. Minni byggðarlög teljast í þessu sambandi byggðarlög með færri íbúum en 1.500, miðað við 1. desember 2003.

Þá skal miðað við að 1.200 þorskígildislestum sé ráðstafað til sveitarfélaga, sem orðið hafa fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum fiskiskipa, sem gerð hafa verið út og landað afla í viðkomandi byggðarlögum og sem veruleg áhrif hefur haft á atvinnuástand í þeim.

Skipting 3.200 þorskígildislestanna samkvæmt 2. og 3. mgr. er notuð við útreikning á hlut hvers byggðarlags og getur það haft áhrif á endanlega niðarstöðu að sá kostur er ávallt valinn fyrir hvert byggðarlag sem gefur því mestar aflaheimildir skv. 2.-3. gr.

Aðeins koma til greina byggðarlög sem sótt hefur verið um stuðning fyrir til sjávarútvegsráðuneytisins á grundvelli auglýsingar ráðuneytisins frá 16. ágúst 2004.

2. gr.

Ráðuneytið skal reikna út hve miklar aflaheimildir, sbr. 2. mgr. 1. gr., koma í hlut hvers byggðarlags. Við þann útreikning skal gefa hverju byggðarlagi punkta sem fundnir eru þannig:

1. Fyrir hvert 0,1% sem botnfiskafli fiskiskipa í byggðarlagi hefur mest dregist saman, sem hlutfall af heildarbotnfiskafli frá fiskveiðiárinu 1992/1993 að telja til fiskveiðiársins 2003/2004, skal gefa tvo punkta.
2. Fyrir hvert 0,1% sem botnfiskaflaheimildir fiskiskipa frá byggðarlagi hafa mest dregist saman, sem hlutfall af heildarbotnfiskaflaheimildum frá fiskveiðiárinu 1992/1993 að telja til fiskveiðiársins 2003/2004, skal gefa tvo punkta.
3. Fyrir hvert 0,1% sem vinnsla botnfiskafli í byggðarlagi hefur mest dregist saman, sem hlutfall af unnum heildarbotnfiskafli frá árinu 1992/1993 að telja til ársins 2003/2004, skal gefa fjóra punkta.

Ráðuneytið metur hvaða viðmiðunarár er hagstæðast hverju byggðarlagi til útreiknings aflaheimilda samkvæmt þessari reglugerð. Leggur það til grundvallar tölulegar upplýsingar frá Fiskistofu. Sama fiskveiðiárið skal ávallt lagt til grundvallar við mat á öllum þáttum fyrir hvert byggðarlag, sbr. 1.-3. tölulið 1. mgr., og hafi aukning orðið í einum þætti milli viðmiðunarára kemur hún til frádráttar. Samanlagðir punktar einstakra byggðarlaga ráða því hversu mikið af aflaheimildum kemur í þeirra hlut samkvæmt þessari grein.

3. gr.

Ráðuneytið skal reikna út hve miklar aflaheimildir, sbr. 3. mgr. 1. gr. komi í hlut hvers byggðarlags. Við þann útreikning skal leggja eftirfarandi forsendur til grundvallar:

A. Hafi samdráttur í byggðarlagi í vinnslu á skel og rækju, sem veidd er hér við land, verið 400 þorskígildislestir eða minni frá fiskveiðiárinu 2001/2002 eða 2002/2003 að telja til fiskveiðiársins 2003/2004 koma aflaheimildir, sem nema 69 þorskígildislestum í þess hlut. Hafi samdrátturinn verið meiri en 400 þorskígildislestir en minni en 1500 þorskígildislestir í byggðarlagi koma 138 þorskígildislestir í þess hlut. Hafi samdrátturinn verið 1500 þorskígildislestir eða meiri í byggðarlagi koma 205 lestir í þess hlut. Nú sýna útreikningar að aflaheimildir koma einnig í hlut tiltekins byggðarlags samkvæmt 2. gr. og skal þá einungis úthluta aflaheimildum til þess byggðarlags á grundvelli þess ákvæðis sem meira gefur.

B. Þeim sveitarfélögum, sem var úthlutað sérstökum aflaheimildum frá Byggðastofnun, sbr. ákvæði XXVI til bráðabirgða við lög nr. 38/1990, á fiskveiðiárinu 2003/2004, skal úthlutað aflaheimildum á fiskveiðiárinu 2004/2005 sem reiknast þannig: Leggja skal saman aflaheimildir sem úthlutað var til sveitarfélaga af Byggðastofnun og sjávarútvegsráðuneyti, sbr. 9. gr. laga nr. 38/1990 á fiskveiðiárinu 2003/2004. Frá þeirri samtölu skal draga reiknaðar bætur samkvæmt 2. gr. reglugerðarinnar auk bóta Byggðastofnunar á fiskveiðiárinu 2004/2005 og skal mismunurinn bættur, séu bætur á fiskveiðiárinu 2004/2005 samtals lægri. Bætur samkvæmt þessum lið skulu þó aldrei vera hærri en sem nemur lækkun bóta Byggðastofnunar milli fiskveiðiáranna 2003/2004 og 2004/2005 en skulu þó að lágmarki vera 20 þorskígildislestir og að hámarki 120 þorskígildislestir. Nú koma aflaheimildir í hlut tiltekins sveitarfélags samkvæmt A. lið þessarar greinar og skal þá einungis úthluta því sveitarfélagi aflaheimildum á grundvelli þess liðs þessarar greinar, sem meira gefur sveitarfélaginu.

4. gr.

Við útreikninga ráðuneytisins á hversu miklar aflaheimildir komi í hlut hvers sveitarfélags skal líta til hvers einstaks byggðarlags innan sveitarfélagsins, sbr. þó B. lið 3. gr. Ráðuneytið tilkynnir sveitarstjórnnum hversu miklar aflaheimildir komi í hlut hvers sveitarfélags og hvernig þær aflaheimildir skuli skiptast milli einstakra byggðarlaga innan þess.

Ráðuneytið skal gefa sveitarstjórnnum kost á því að gera tillögur til ráðuneytisins um reglur er gildi um skiptingu úthlutunarinnar til einstakra skipa. Sveitarstjórnir skulu miða tillögur sínar við það að aflaheimildir sem koma í hlut hvers byggðarlags fari til fiskiskipa, sem gerð eru út frá viðkomandi byggðarlagi og að aflinn verði unninn þar enda verði því við komið. Tillögur sveitarstjórna skulu byggjast á almennum hlutlægum reglum og skal jafnræðissjónarmiðið gætt. Heimilt er sveitarstjórn að miða við ákveðnar stærðir eða flokka fiskiskipa. Þá er henni heimilt að líta til þess hvort um sé að ræða samstarf aðila í veiðum og vinnslu afla innan viðkomandi byggðarlags, hvort fiskiskip hafi áður landað í byggðarluginu og til annarra atriða sem stuðla að eflingu byggðarlagsins.

Skulu tillögur sveitarfélaga um þessar reglur hafa borist ráðuneytinu fyrir 1. janúar 2005. Geti ráðuneytið ekki fallist á tillögur sveitarstjórnar skal ráðuneytið gefa sveitarstjórn tveggja vikna frest til þess breyta tillögum sínum eða leggja fram nýjar.

Fallist ráðuneytið á reglur sveitarstjórnar um úthlutun aflaheimildanna staðfestir ráðuneytið reglurnar og birtir. Eftir það ber sveitarstjórn að kynna reglurnar og gefa útgerðum fiskiskipa kost á að sækja um aflaheimildir. Að loknum umsóknarfresti, sem sveitarstjórn ákveður, gerir sveitarstjórn síðan tillögur til ráðuneytisins um endanlega skiptingu aflaheimilda milli fiskiskipa. Fallist ráðuneytið á endanlegar tillögur sveitarstjórnar um skiptingu aflaheimildanna milli fiskiskipa staðfestir það þær og tilkynnir það til Fiskistofu. Geti ráðuneytið ekki fallist á tillögu sveitarstjórna um skiptingu aflaheimildanna felur það Fiskistofu að skipta þeim milli einstakra báta samkvæmt reglum 5. gr.

5. gr.

Geri sveitarstjórn ekki tillögu um hvernig skipta skuli þeim veiðiheimildum sem það hefur til ráðstöfunar skal Fiskistofa skipta þeim milli einstakra fiskiskipa, sem skráð eru í viðkomandi byggðarlagi 1. september 2004. Sama gildir geti ráðuneytið ekki fallist á tillögur sveitarstjórnar um úthlutun eða skiptingu. Skal úthluta til einstakra aflamarksskipa og króka-aflamarksbáta hlutfallslega miðað við heildaraflamark þeirra í þorskígildum reiknað, miðað við úthlutun til þeirra á grundvelli aflahlutdeilda, skv. lögum nr. 38/1990, í upphafi fiskveiðiárs 2004/2005. Við úthlutun skal heildaraflamark einstakra fiskiskipa ekki aukast um meira en 100%, miðað við úthlutun í upphafi fiskveiðiárs 2004/2005 og ekkert fiskiskip skal hljóta meira en 15 þorskígildislestir miðað við óslægðan fisk. Vikið skal frá þessari takmörkun á hlut hvers báts fáist heildarhlut einhvers byggðarlags ekki skipt með öðrum hætti. Komi minna en 100 þorskígildiskíló í hlut einhvers fiskiskips, samkvæmt framangreindum reglum, fellur úthlutun til þess fiskiskips niður og skiptist hlutur þess milli annarra fiskiskipa frá sama sveitarfélagi.

Afla sem úthlutað er samkvæmt þessari grein er skylt að landa til vinnslu innan hlutað-eigandi byggðarlags, enda fari vinnsla botnfisks þar fram.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. málslíð 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 6. desember 2004.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 152 – 2004

1. desember 2004

2385

Nr. 961

AUGLÝSING

um umferð í Dalvíkurbyggð.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Dalvíkurbyggðar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Dalvíkurbyggð:

Einstefna verður á Karlsrauðatorgi frá Hafnarbraut að Ránarbraut þó þannig að leyft verður að aka inn á lóðina ofan við Ránarbraut 1.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Dalvíkurbyggð sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Sýslumaðurinn á Akureyri, 1. desember 2004.

Björn Jósef Arnviðarson.

8. desember 2004

Nr. 962

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, Lundur og tenging Hafnarfjarðarvegar, Skeljabrekku og Nýbýlavegar.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. desember 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, frá 9. apríl 2002.

Breytingin felst í eftirfarandi:

- a. Lundur, u.þ.b. 10 ha óbyggt svæði og verslunar- og þjónustusvæði breytist í íbúðarsvæði, fyrir allt að 400 íbúðir. Svæðið afmarkast af lögsögumörkum Reykjavíkur og Kópavogs til norðurs, íbúðarsvæði við Birkigrund til austurs, Nýbýlavegi til suðurs og Hafnarfjarðarvegi til vesturs.
- b. Tenging Hafnarfjarðarvegar og Nýbýlavegar breytist þannig að í stað slaufu norðan Nýbýlavegar sem tengist Nýbýlavegi milli Skeljabrekku og Auðbrekku er gert ráð fyrir rampa af Hafnarfjarðarvegi inn í núverandi legu Skeljabrekku sem tengist síðan Nýbýlavegi með hringtorgi. Gert er ráð fyrir „nýrri Skeljabrekku“ á stuttum kafla austan þeirrar sem nú er og mun hún tengjast Dalbrekku.

Gutenberg

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 8. desember 2004.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulag við Heiðarbrún á Stokkseyri.

Í samræmi við skipulags og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 14. nóvember 2001 tillögu að deiliskipulagi fyrir íbúðarbyggð við Heiðarbrún á Stokkseyri í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:1000 þann 25. júní 2001 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 1. ágúst 2001 til og með 29. ágúst 2001 með athugasemdafresti til og með 12. september 2001.

Deiliskipulag við Hrismýri á Selfossi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 12. desember 2001 tillögu að deiliskipulagi fyrir verslunar- og iðnaðarsvæði við Hrismýri á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan var sett fram í mkv. 1:2000 þann 29. maí 2001 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 28. september 2001 til og með 26. október 2001 með athugasemdafresti til og með 9. nóvember 2001.

Uppdrættir og greinargerðir vegna tillagnanna hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulögin taka þegar gildi.

Selfossi, 24. nóvember 2004.

Grétar Zóphaníasson, fulltrúi á skipulags- og byggingardeild.

REGLUGERÐ

um sjálfvirkar vogir.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi fjallar um markaðssetningu og mælifræðilegar kröfur til löggildingar-skyldra sjálfvirkra voga. Hér eftir er sjálfvirk vog nefnd vog.

2. gr.

Skilgreiningar.

Fruitsannprófun (EBE-fruitsannprófun) er aðferð til að tryggja að framleiðsla tækis sé í samræmi við viðurkennda frumgerð og standist mælifræðilegar kröfur, m.a. um heimiluð hámarksfrávik og merkingar. Aðferðinni er lýst nánar í viðeigandi reglugerðum.

Gerðarviðurkenning (EBE-gerðarviðurkenning) byggir á ítarlegri gerðarprófun, þar sem prófað hefur verið eftir kröfum viðeigandi reglugerða eða annarra kröfuskjala. Gerðarviðurkenning er forsenda fruitsannprófunar og markaðssetningar eftir öðrum leiðum.

WELMEC (The European cooperation in legal metrology) eru samtök evrópskra ríkja í lögmælifræði.

Flokkunarvog er sjálfvirk ósamfelld vog sem vegur einstaka hluti og flokkar þá í tvo eða fleiri flokka eftir massa þeirra.

Sjálfvirk ósamfelld vog er sjálfvirk vog sem vegur einstaka hluti eða afmarkaða skammta efnis en ekki samfellt streymi efnis.

Sjálfvirk ósamfelld samlagningarvog er sjálfvirk vog sem finnur massa búlka efnis með því að vigta það í hlutum og leggja saman, efninu er síðan skilað aftur í búlka.

Sjálfvirk samfelld samlagningarvog er sjálfvirk vog sem finnur massa búlka efnis með því að vigta samfellt flæði efnis eftir færiband, án þess að skipta því upp í skammta og með stöðugri hreyfingu færibandsins.

Sjálfvirk sekkjunarvog er sjálfvirk vog sem fyllir ílát með fyrirfram ákveðnum og nær föstum massa efnis. Vogin samanstendur af sjálfvirkum færslubúnaði og einni eða fleiri vogum ásamt viðeigandi stjórns- og áfyllingarbúnaði.

Sjálfvirk úrtaksvog er sjálfvirk ósamfelld vog sem vegur einstaka hluti og flokkar eftir mismun á massa þeirra og fyrirfram ákveðnu stilligildi.

Sjálfvirk verðmerkivog er sjálfvirk ósamfelld vog sem merkir eða verðmerkir vegna hluti.

Sjálfvirk vog er vog sem ákvarðar massa hlutar án afskipta notanda og fylgir fyrirfram ákveðnu sjálfvirku ferli sem einkennir vogina.

3. gr.

Markaðssetning.

Markaðssetning sjálfvirkra voga hér á landi er heimil svo fremi að vogargerðin hafi gerðarviðurkenningu frá Löggildingarstofu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að setja á markað og taka í notkun sjálfvirkar vogir án þess að þær hafi innlenda gerðarviðurkenningu skv. þessari reglugerð uppfylli þær kröfur reglugerðar nr. 129/1994 og tilskipana 75/410/EBE og 78/1031/EBE, sem vísað er til í liðum e) og j) í 2. gr. rg. nr. 130/1994.

4. gr.

Gerðarviðurkenning.

Framleiðandi vogar eða viðurkenndur umboðsaðili hans getur sótt um gerðarviðurkenningu til Löggildingarstofu. Löggildingarstofa gefur út landsbundna gerðarviðurkenningu fyrir sjálfvirkar vogir og gildir gerðarviðurkenning í allt að tíu ár frá útgáfudegi.

Landsviðurkenningin er byggð á eftirfarandi:

1. Samkomulagi WELMEC um gagnkvæma viðurkenningu á gerðarviðurkenningum sjálfvirkra voga.
2. Landsbundinni gerðarviðurkenningu frá aðildarlöndum hins evrópska efnahagssvæðis.
3. Löggildingarstöðu vogagerðar fyrir gildistöku reglugerðar þessarar.
4. Prófunum sem Löggildingarstofa hefur framkvæmt eða látið framkvæma.

Við mat á gerðarviðurkenningum skv. 2. tl. og við prófanir skv. 4. tl. skal miðað við kröfur viðauka I. Fyrir vogir með eldri löggildingar skal framfylgja kröfum um lágmarksmerkingar skv. viðauka I.

Gögn sem leggja þarf fram, þegar sótt er um gerðarviðurkenningu, eru tilgreind í viðauka II.

5. gr.

Frum sannprófun.

Ekki er krafist frumsannprófunar nýrra voga en söluaðili ber ábyrgð á því að vogir séu í samræmi við viðurkennda gerð.

6. gr.

Málskot.

Komi upp ágreiningur um úrskurð Löggildingarstofu um einhver atriði varðandi ákvæði eða beitingu þessarar reglugerðar má skjóta málinu til ráðherra.

7. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um vog, mál og faggildingu nr. 100/1992 og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 781/2002, um sjálfvirkar vogir.

Viðskiptaráðuneytinu, 18. nóvember 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

VIÐAUKI I

Mælifræðilegar kröfur og lágmarksmerkingar.

Inngangsorð um mælifræðilegar kröfur.

Kröfurnar um hámarksfrávik í þessum viðauka eiga við þegar prófanir eru framkvæmdar vegna gerðarviðurkenningar sbr. 4. gr. Við ákvörðun um hvort hægt sé að veita gerðarviðurkenningu er einnig lagt mat á aðra þætti eins og merkingar og kröfur samkvæmt tæknilýsingu framleiðanda.

Hámarksfrávik.

- Sjálfvirk ósamfelld vog (A, A1, A2 og A3 í viðauka III):
Leyfileg hámarksfrávik fara eftir nákvæmnisflokki vogarinnar. Nákvæmnisflokkarnir eru táknaðir með $X(x)$ eða $Y(y)$.
Flokkur $X(x)$ á við vogir sem notaðar eru til að kanna massa fyrir e-merkta forpakkaða vöru sbr. reglugerðir nr. 131/94 og 133/94. Flokkur $Y(y)$ er fyrir allar aðrar sjálfvirkar, ósamfelldar vogir.
Annars vegar gildir tafla 1 fyrir flokk $X(x)$ um mesta leyfilega frávik fyrir meðalgildi. Taflan er aðgreind eftir því hvort x er > 1 eða ekki. Hins vegar gildir tafla 2 um mesta leyfilega staðalfrávik fyrir grunnflokkinn $X(1)$. Þann dálk skal margfalda með nákvæmnisstuðli x , sem framleiðandinn tilgreinir. Stuðullinn getur haft gildin (1, 2 eða 5) $\times 10^k$, þar sem k er $\pm$ heil tala eða núll.
Flokkur $Y(y)$ samanstendur af tveim flokkum $Y(a)$ og $Y(b)$, sjá töflu 3.
Vogir í flokki $X(x)$:

Tafla 1: Leyfileg frávik meðalgildis.

Ásettur massi (m) í lögdeilingum, e		Mesta leyfilega frávik fyrir meðalgildi
$(x) \leq 1$	$(x) > 1$	
$0 < m \leq 500$	$0 < m \leq 50$	$\pm 0,5e$
$500 < m \leq 2\,000$	$50 < m \leq 200$	$\pm 1,0e$
$2\,000 < m \leq 10\,000$	$200 < m \leq 1000$	$\pm 1,5e$

Dæmi: Pakkning 1000 g, $e=1$ g og nákvæmnisstuðull $x=0,2$.

Lausn: $m=1000$ og leyfileg frávik meðalgildis allt að $\pm 1,0$ g.

Tafla 2: Staðalfrávik.

Ásettur massi (m)	Mesta leyfilega staðalfrávik fyrir grunnflokk $X(1)$
$m \leq 50$ g	0,48%
50 g $< m \leq 100$ g	0,24 g
100 g $< m \leq 200$ g	0,24%
200 g $< m \leq 300$ g	0,48 g
300 g $< m \leq 500$ g	0,16%
500 g $< m \leq 1\,000$ g	0,8 g
$1\,000$ g $< m \leq 10\,000$ g	0,08%
$10\,000$ g $< m \leq 15\,000$ g	8,0 g
$15\,000$ g $< m$	0,053%

Dæmi: Pakkning 1000 g, $e=1$ g og nákvæmnisstuðull $x=0,2$.

Lausn: $m=1000$ og staðalfrávik allt að $0,2 \times 0,8$ g = 0,16 g.

Vogir í flokki Y(y):

Tafla 3:

Ásettur massi (m) í lögdeilingum, e		Leyfileg hámarksfrávik
Flokkur Y(a)	Flokkur Y(b)	
$0 < m \leq 500$	$0 < m \leq 50$	$\pm 1,5e$
$500 < m \leq 2\,000$	$50 < m \leq 200$	$\pm 2,0e$
$2\,000 < m \leq 10\,000$	$200 < m \leq 1000$	$\pm 2,5e$

Dæmi: Pakkning 1000 g og $e=1$ g

Lausn: $m=1000$ og leyfilegt hámarksfrávik $\pm 2,0$ g í flokki Y(a) en $\pm 2,5$ g í flokki Y(b)

Vogir í nákvæmnisflokki Y(y) skulu hafa lágmarksvigtunargetu sem er 20e fyrir Y(a), 10e fyrir Y(b) og 5e fyrir vogir til nota fyrir ákvörðun burðargjalda, hvort heldur þær eru af flokki Y(a) eða Y(b).

2. Sjálfvirk sekkjunarvog (D í viðauka III):

Leyfileg hámarksfrávik fara eftir nákvæmnisflokki vogarinnar, nákvæmnisflokkurinn er táknaður með X(x). Leyfilegt hámarksfrávik fyrir hverja áfyllingu er fundið með því að margfalda viðeigandi fráviksgildi úr töflunni hér að neðan með (x). Gildi (x) getur verið 1×10^k , 2×10^k eða 5×10^k , þar sem k getur verið jákvæð eða neikvæð heil tala eða núll. Leyfileg hámarksfrávik fyrir hverja áfyllingu (sekkjun) frá meðaltali fyrir flokk X(1).

Massi áfyllingar M í g	Leyfileg hámarksfrávik fyrir nákvæmnisflokk X(1)
$M \leq 50$	6,3%
$50 < M \leq 100$	3,15 g
$100 < M \leq 200$	3,15%
$200 < M \leq 300$	6,3 g
$300 < M \leq 500$	2,1%
$500 < M \leq 1\,000$	10,5 g
$1\,000 < M \leq 10\,000$	1,05%
$10\,000 < M \leq 15\,000$	105 g
$15\,000 < M$	0,7%

Ath.: Aðlaga má frávikatöfluna einingastærð þess efnis sem verið er að fylla með.

Viðmiðunargildi fyrir fjölda áfyllinga til að finna meðaltalið í töflunni hér að ofan:

Markgildi áfyllingar (m)	Fjöldi áfyllinga
$m \leq 10$ kg	60
10 kg $< m \leq 25$ kg	32
25 kg $< m \leq 100$ kg	20
100 kg $< m$	10

Þegar unnt er að stilla markgildi áfyllingar, má mismunur markgildis og raunverulegs meðaltals ekki fara yfir hlutfallið 0,36 af leyfilegu hámarksfrávikinu frá meðaltali.

3. Sjálfvirk ósamfelld samlagningarvog (B í viðauka III):
Leyfileg hámarksfrávik eru:

Nákvæmnisflokkur	Leyfileg hámarksfrávik á samanlagðri vigtun
0,2	$\pm 0,10\%$
0,5	$\pm 0,25\%$
1	$\pm 0,50\%$
2	$\pm 1,00\%$

Samlagningardeiling (d_t) skal vera á bilinu: $0,01\% \text{ Max} < d_t < 0,2\% \text{ Max}$.

Lágmarks samanlögð vigtun ($\Sigma_{\min}$) skal vera stærri en lágmarksvigtun (Min) og einnig stærri en sá vegni massi sem gefur leyfileg hámarksfrávik jöfn d_t .

Dæmi:

Max: 1000 kg

Min: 200 kg

$d_t = 0,2 \text{ kg}$ (liggur í tilskildu bili)

Nákvæmnisflokkur: 0,5

$\Sigma_{\min} > \text{Min} = 200 \text{ kg}$

$\Sigma_{\min} > d_t/0,25\% = 80 \text{ kg}$

Stærri talan gildir þ.e. lágmarks samanlögð vigtun skal vera stærri en 200 kg.

4. Sjálfvirk samfelld samlagningarvog (C í viðauka III):

Lágmarksvigtun (Min) á hverjum tíma skal ekki vera minna en 20% af hámarksgetu (Max).

Lágmarks samanlögð vigtun ($\Sigma_{\min}$) skal ekki vera minni en stærsta eftirfarandi gildi:

- 2% af samanlögðum massa við hámarksflæði í eina klukkustund.
- Veginn massi við hámarksflæði og færslu færibands um einn hring.
- Veginn massi sem jafngildir eftirfarandi fjölda samlagningardeilinga d_t :
800 fyrir vogir í nákvæmnisflokki 0,5.
400 fyrir vogir í nákvæmnisflokki 1.
200 fyrir vogir í nákvæmnisflokki 2.

Leyfileg hámarksfrávik

Nákvæmnisflokkur	Prósent af massa samanlagðrar vigtunar
0,5	0,25
1	0,50
2	1,00

Færsluhraði færibands skal vera tilgreindur af framleiðanda og má hraðinn ekki víkja frá uppgefnu gildi um meira en 5%.

Lágmarksmerkingar.

5. Lágmarksmerkingar eru sem hér segir:

1. Vogargerð og framleiðandi.
2. Hámarksgeta.
3. Lágmarksgeta.
4. Lágmarks leyfileg samanlögð vigtun, ef við á.
5. Skerðingargildi.
6. Raðnúmer.

VIÐAUKI II

Gögn vegna umsóknar um gerðarviðurkenningu.

1. Umsókn.
 - 1.1. Á umsókninni skulu koma fram eftirfarandi atriði:
 - Nafn umsækjanda.
 - Kennitala.
 - Aðsetur.
 - Nafn framleiðanda vogar.
 - Gerð vogar.
 - Kennistærðir vogar.
 - Hönnunarlýsing.
 - 1.2. Staðfesting framleiðanda eða eiganda vogar að vogargerðinni verði ekki breytt án samráðs við Löggildingarstofu. Löggildingarstofa metur hvort breytingar sem gera skal á vog séu óverulegar eða hvort þörf sé á að gefa út viðauka við landsviðurkenningu þar sem breytingarnar eru tilgreindar eða séu þess eðlis að fella þurfi gerðarviðurkenninguna úr gildi.
2. Fylgigögn.
 - 2.1. Með umsókn skulu fylgja gögn því til staðfestingar að kröfur 4. gr. séu uppfylltar. Ef gerðarviðurkenningin er lögð fram samkvæmt ákvæðum WELMEC samkomulags, þarf ekki frekari gögn og íslensk landsviðurkenning er gefin út án tafar.
3. Annað.
 - 3.1. Umsækjandi ábyrgist að tilkynna Löggildingarstofu um allar breytingar sem gerðar eru á voginni. Löggildingarstofa leggur mat á hvort breytingarnar séu þess eðlis að nauðsynlegt sé að gefa út viðauka við landsviðurkenninguna og skal matið rökstutt.
 - 3.2. Umsækjandi greiðir kostnað við gerðarviðurkenningu.

VIÐAUKI III

Vogargerðir.

	Vogargerð	Ensk heiti samsvarandi vogargerða samkvæmt Alþjóða lögmælifræðistofnuninni OIML
A	Sjálfvirk ósamfelld vog	Automatic catchweigher. Tilmæli OIML R 51–1
A1	Sjálfvirk úrtaksvog	Automatic checkweigher
A2	Flokkunarvog	Weightgrader
A3	Sjálfvirk verðmerkivog	Weigh labeller / price labeller
B	Sjálfvirk ósamfelld samlagningarvog	Discontinuous totalizer. Tilmæli OIML R 107–1
C	Sjálfvirk samfelld samlagningarvog	Continuous totalizer. Tilmæli OIML R 50–1
D	Sjálfvirk sekkjunarvog	Automatic gravimetric filling instrument. Tilmæli OIML R 61–1

GJALDSKRÁ

fyrir hafnarsjóð Djúpavogshrepps.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir hafnarsjóð Djúpavogshrepps er sett skv. heimild í 17. grein hafnalaga nr. 61/2003, sbr. bráðabirgðaákvæði nr. 1.

Gjaldskráin er við það miðuð að hafnarsjóður Djúpavogshrepps geti haft nægar tekjur til þess að standa undir rekstri hafna sbr. 3. gr. 5. tölulið hafnalaga.

Um gjalddöku tengda stærð skipa.

2. gr.

Við ákvörðun gjalda, sem taka mið af stærð skipa, skal miðað við brúttótonnatölu skipa (BRT) samkvæmt alþjóðlegu mælingarbréfi, sem gefið er út í samræmi við alþjóðasamþykktina um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Skipagjöld.

4. gr.

Lestargjöld:

Af öllum skipum skal greiða lestargjald, kr. 7,40 á mælieiningu skv. 2. gr. en þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.

Bryggjugjöld:

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða samkvæmt eftirfarandi:

Skip við bryggju kr. 1,80 á mælieiningu fyrir hverja byrjaða 12 tíma, sem skip liggur bundið, hámark 26 sinnum í mánuði.

Heimilt er að taka lestar- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 48,40 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 5.286 á mánuði. Bátar minni en 20 BRT greiði þó aldrei lægra en kr. 3.459 á mánuði.

Vörugjöld.

5. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

6. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

7. gr.

Af vörum, sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálftrögjald.

Af vörum sem koma frá útlöndum og fara eiga áfram til útlanda er heimilt að innheimta fulltrögjald þegar vörurnar eru fluttar í land.

8. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar trögjaldi:

- a) Umbúðir sem endursendar eru.
- b) Olfa, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- d) Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

9. gr.

Trögjald reiknast eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning trögjalds. Skipstjóri eða afgreiðslumaður skips skal láta höfninni í té afrit af farmskrá. Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farneigandi kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna trögjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

10. gr.

Vörur skal flokka til trögjalds eftir því sem trögjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

Trögjaldskrá:

1. fl.: Gjald kr. 138.80 fyrir hvert tonn:
Kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, bensín, brennsluolúr, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
2. fl.: Gjald kr. 267,20 fyrir hvert tonn:
Lýsi og fiskimjöl.
3. fl.: Gjald kr. 288,50 fyrir hvert tonn:
Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, veiðarfæri, smurningsolúr, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda. Þökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir.
4. fl.: Gjald 1,60 %.
Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis. Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði.
Seljanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um seldan afla um leið og sala hefur átt sér stað, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað.

Seljandi ber skil á greiðslu aflagjalds.

Hámarksgjald samkvæmt lið þessum er kr. 3.000 fyrir hvert tonn.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 109.

Leiga á gámasvæði, geymsla veiðarfæra.

11. gr.

Leiga fyrir geymslusvæði skal vera eftirfarandi (fyrir gáma og báta) pr. mánuð:

Geymsla á malarsvæði pr. m² kr. 15.

Geymsla á malbikuðu svæði pr. m² kr. 26.

Geymsla á veiðarfærum á hafnarköntum. Frítt fyrstu vikuna síðan 2.000 kr. pr. m³ fyrir hvern sólarhring.

Sorphirða.

12. gr.

Mánaðargjald smábáta kr. 207.

Sérferð á flokkunarstöð er greidd af viðkomandi. Kílógjald kr. 10,33.

Gjald fyrir sorphirðu er kr. 3.000 fyrir hverja afgreiðslu.

Hafnsögugjöld.

13. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

Fyrir leiðsögu til hafnarinnar er greitt skv. reikningi frá lóðs og lóðsbát.

Festargjöld.

14. gr.

Festargjald fyrir hverja afgreiðslu er kr. 5.000. Séu fleiri en einn maður við afgreiðslu er gjald fyrir hvern aukamann kr. 5.000.

Vatnssala.

15. gr.

Vatnsgjöld:

Vatn afgreitt frá bryggju:

Kalt vatn kr./m³, kr. 207 / lágmark 10 m³

Afgreiðsla utan dagvinnutíma, pr. klst. kr. 3.200 til viðbótar við gjaldskrá.

Vigtargjald.

16. gr.

Almenn vigtun kr. 75,70 á tonn.

Lægsta gjald fyrir einstaka vigtun kr. 437.

Vigtun flutningabifreiða, fast gjald kr. 809.

Gjald vegna yfirvinnu við vigtun 2.162 kr. pr. klst.

Rafmagnssala.

17. gr.

Gámar kr. 8,90 á kwst.

Til skipa kr. 8,90 á kwst.

Tengigjald:

Fari tenging fram utan dagvinnutíma greiðist tengigjald kr. 3.200.

Móttaka skipa sem falla undir ISPS-kóða.

18. gr.

Öryggisgjald fyrir hverja skipakomu	13.000 kr.
Öryggisgæsla pr. öryggisvörð í dagvinnu	1.700 kr.
Öryggisgjald pr. öryggisvörð í yfirvinnu	3.100 kr.

Um innheimtu og greiðslu gjalda.

19. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra gjalda skv. gjaldskrá þessari og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar. Heimilt er að leita samþykkis skrifstofunnar til notkunar greiðslumiðlunar við uppgjör skulda.

Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er áskilið að reikna dráttarvexti af gjaldfallinni fjárhæð skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

20. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til Djúpa-vogshafnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt við komu til hafnar að gefa hafnarstjóra upplýsingar um skipið í samræmi við ákvæði 5. mgr. 33. gr. reglugerðar nr. 326/2004 um hafnamál og afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess vegna ófullnægjandi upplýsinga frá skipstjóra og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda áfallinna gjalda.

Áfallin gjöld skal greiða áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema að hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

21. gr.

Vörugjald greiðist af öllum vörum sem eru affermdar, afhentar eða fluttar, eða á annan hátt sjóleiðis eða landleiðina, inn fyrir mörk hafnarinnar. Vörugjaldið reiknast skipi til skuldar áður sem skip hefur siglingu, nema annað sé sérstaklega um samið. Vörugjald er á ábyrgð farmflytjanda og er afhending vöru án greiðslu vörugjalds á hans ábyrgð.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt.

22. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má ávallt tryggja með aðför að undangengnum dómi.

Skipagjöld eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða váttryggingarfé. Gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðkröfum sbr. ákvæði 2. mgr. 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003. Djúpvogshöfn er heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu áfallinna gjalda ef ástæða þykir til.

23. gr.

Öll gjöld í gjaldskrá þessari eru *án virðisaukaskatts*. Hafnarsjóði Djúpvogshrepps er skylt að innheimta virðisaukaskatt af öllum gjöldum í gjaldskrá þessari, sbr. 3. tl. 3. gr. laga nr. 50/1998 um virðisaukaskatt.

Gildistaka.

24. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir hafnarsjóð Djúpavogshrepps er samþykkt af hafnarnefnd þann 19. nóvember 2004, skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004.

Gjaldskráin öðlast gildi þann 1. janúar 2005 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur út gildi gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Djúpavogshrepps frá 1. júlí 2003.

Djúpavogi, 19. nóvember 2004.

Bj. Hafþór Guðmundsson sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 575/2001 um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum.

1. gr.

Í stað orðanna 100.000 kr. í 1. mgr. 1. gr. kemur 300.000 kr.

2. gr.

Viðauki I við reglugerð nr. 575/2001.

a. 45. gr. Ölvunarakstur

Aukastöfum í töflu um vínandamagn í lofti fækkar um einn. Viðurlagaákvæði vegna ölvunaraksturs eru óbreytt að öðru leyti:

Vínandamagn í lofti mg/l	Sektir	Svipting
0.25 - 0.30	50.000	2 mán
0.31 - 0.37	50.000	4 mán
0.38 - 0.45	60.000	6 mán
0.46 - 0.55	70.000	8 mán
0.56 - 0.59	80.000	10 mán
0.60 - 0.75	100.000	12 mán

b. 67. gr. Skoðun ökutækja og eftirlit

Ákvæði um sektir vegna brota á 67. gr. fellur niður.

c. 71. gr. Öryggisbelt

Í stað tilvísunar í 5. mgr. er vísað í 6. mgr. sem orðast þannig:

6. mgr. Þess eigi gætt að farþegi yngri en 15 ára noti öryggis- og verndarbúnað skv. 1. - 4. mgr.

10.000

d. 72. gr. *Hlífðarhjálmur*

1. málsgrein orðist þannig:

1. mgr. Viðurkenndur hlífðarhjálmur ekki notaður.

5.000

3. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 4. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum sbr. lög nr. 84/2004 um breytingu á umferðarlögum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 14. október 2004.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

sveitarstjórnar um samþykkt á deiliskipulagi við Akurgerði, Stóru-Vogaskóla og Vogatjörn í Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Vatnsleysustrandarhrepps þann 9. nóvember 2004 samþykkt deiliskipulag við Akurgerði, Stóru-Vogaskóla og Vogatjörn í Vogum.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Vogum, 20. nóvember 2004.

F.h. sveitarstjórnar,

Jóhanna Reynisdóttir sveitarstjóri.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Flúða.

1. *Almennt.*

Verðskrá þessi gildir fyrir veitusvæði Hitaveitu Flúða

Virðisaukaskattur bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðað við gildandi reglur um virðisaukaskatt á hverjum tíma.

Virðisaukaskattur á heitu vatni til húshitunar og sundlaugar er 14% en 24,5% til annarra nota.

2. *Varmaorka.*

Fast gjald er háð afköstum rennismælis en óháð töxtum að öðru leyti.

<i>Fast gjald á mæli</i>	<i>kr./dag</i>	<i>14% vsk</i>
Mælastærð DN 15	23	25,91
Mælastærð DN 20	31	35,33
Mælastærð DN 25	37	42,39
Mælastærð DN 32	46	53,00
Mælastærð DN 40	52	58,88
Mælastærð DN 50	93	105,99

Fasta gjaldinu er dreift niður á tímabil reikninga.

2.2 *Rúmmetragjald.*

Varmaorka er afhent í formi heits vatns sem selt er samkvæmt rúmmetra mælingu. Ekki er veittur afsláttur vegna takmörkunar á afhendingu varmaorku og/eða lækkun á hita vatnsins.

H 1. *Almenn heitavatnsnotkun.*

Taxtinn gildir fyrir upphitun, almenna heimilisnotkun og snjóbræðslu.

<i>Sala um mæli</i>	<i>kr./m³</i>	<i>14% vsk</i>
Rúmmetragjald skv. mælingu	49,19	56,08

H 2.

Taxtinn gildir fyrir iðnaðarfyrirtæki og landbúnað.

Atvinnufyrirtæki til framleiðslu	36,90	42,06
----------------------------------	-------	-------

H 3.

Taxtinn gildir fyrir gróðurhús sem framleiða garðyrkjuafurðir.

Garðyrkja	13,43	15,31
-----------	-------	-------

H 4. *Heimæðagjöld.*

Heimæðagjöld skiptast eftir málstærð heimtaugar.

<i>Heimæðagjöld – Almenn</i>	<i>kr.</i>	<i>14% vsk</i>
Málstærð DN 20 mm	112.597	128.361
Málstærð DN 25 mm	135.675	154.670
Málstærð DN 32 mm	203.747	232.272
Málstærð DN 40 mm	406.769	463.717
Málstærð DN 50 mm	675.471	770.037

Heimæðagjöld fyrir stærri inntök en 50 mm skal reikna sérstaklega.

Gjald fyrir hvern lengdarmetra í heimæð, umfram 50 m er 1% af heimæðagjaldi.

Heimæðagjöld á svæðum þar sem ekki er hitaveita fyrir skal reikna sérstaklega.

<i>Heimæðagjöld - Sumarhús</i>	<i>kr.</i>	<i>14% vsk</i>
20 mm	299.810	341.783
25 mm	516.402	588.698

Heimæðagjöld fyrir lengri heimæðar en 50 m skal reikna sérstaklega.

Heimæðagjöld á svæðum þar sem ekki er hitaveita fyrir skal reikna sérstaklega.

3. Önnur gjöld og ákvæði.

Gjald fyrir aukaálestur hjá notenda	1.170 kr.
Seðilgjald	245 kr.
Lokunargjald	2.340 kr.
Við stækkun húsnæðis í garðyrkju (byggt 2004 og eldra) sem fylgdi eldri gjaldskrá, greiðist	kr. 109 fyrir hvern m ³ .
Þeir sem taka vatn gegnum gróðurhús til upphitunnar á þökkunar- og geymsluhúsnæði, skulu greiða fast mánaðargjald sem hér segir:	kr. 15 fyrir hvern m ³

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Hrunamannahrepps, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. janúar 2005 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 510, 4. júní 2004.

Iðnaðarráðuneytinu, 29. nóvember 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Borgarbyggð.

Íbúðarhúslóð í landi Ánabrekku.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir tveimur byggingarreitum undir íbúðarhús og bátaskýli.

Vatnstökusvæði í Grábrókarhrauni.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir um 6 ha vatnstökusvæði í Grábrókarhrauni vestan þjóðveggar nr. 1. Gert er ráð fyrir 3 borholum með yfirbyggingu, dælustöð, vegslóða, plani og lögnum.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreind skipulög.

Deiliskipulögin hafa fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Þau hafa verið yfirfarin af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreindar breytingar á skipulögunum öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 24. nóvember 2004.

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar,

Sigurður P. Harðarson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi fyrir austurbæ Vestmannaeyja.

Breytingarnar eru tvíþættar. Annarsvegar er um að ræða stækkun lóðar nr. 19 í Litla-gerði um 5 m til vesturs þar sem staðsettur er 5 x 10 m byggingarreitur fyrir bílskúr í vestur lóðarmörkum. Hins vegar er um að ræða nýja lóð í hraunkantinum milli Ásavegs 32a og Búastaðabrautar 9 þar sem reisa á dreifistöð fyrir austurbæinn.

Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum, mæla fyrir um.

Framangreint deiliskipulag tekur þegar gildi.

Vestmannaeyjum, 30. nóvember 2004.

Sigurður Smári Benónýsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi Vestmannaeyja.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 431/1998 um ökuferilsskrá og punktakerfi vegna umferðarlagabrota.

1. gr.

Viðauki við reglugerðina breytist með eftirfarandi hætti.

a. 71. gr. Öryggisbelti

Í stað tilvísunar í 5. mgr. er vísað í 6. mgr. sem orðast þannig:

6. mgr. Þess eigi gætt að farþegi yngri en 15 ára noti öryggis- og verndarbúnað skv. 1. - 4. mgr.

1

b. 72. gr. Hlíðarhjálmar

1. málsgrein orðist þannig:

1. mgr. Viðurkenndur hlíðarhjálmur ekki notaður

1

c. 73. gr. Notkun farsíma við akstur

1. mgr. Notkun farsíma án handfrjáls búnaðar við akstur bifreiðar

1

2. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 2. mgr. 101. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum sbr. lög nr. 84/2004 um breytingu á umferðarlögum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 1. nóvember 2004.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag í Hveragerði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkt þann 18. desember 2003 nýtt deiliskipulag við Lækjarbrún, Hveragerði.

Deiliskipulagsuppráttur og tilheyrandi greinargerð hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Hveragerði, 25. nóvember 2004.

Guðmundur F. Baldursson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi íbúðarhverfis í Norðurbæ, Reykjavíkurvegi 45 í Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 14. september 2004 breytingu á deiliskipulagi íbúðarhverfis í Norðurbæ, Reykjavíkurvegi 45 í Hafnarfirði. Breytingin felst í nýjum skipulagsskilmálum fyrir lóðina Hrauntungu 1, stækkun lóðarinnar Reykjavíkurvegur 45, byggingarreit fyrir bílskúr á lóðinni Norðurbraut 41 og breytingu á götukassa Hraunbrúnar á milli Hrauntungu og Norðurbrautar. Farið var með breytinguna samkv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 29. nóvember 2004.

F.h. umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar,

Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri.

AUGLÝSING

um samstarf um almannavarnir.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga um almannavarnir nr. 94 29. desember 1962, sbr. lög nr. 85 2. júlí 1985, hefur verið ákveðið:

að Austurbyggð, Fjarðabyggð, Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur, Mjóafjarðarhreppur og Fáskrúðsfjarðarhreppur myndi eina almannavarnanefnd og hafi þannig samstarf um almannavarnir á svæðinu.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Þetta tilkynnist hér með öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. nóvember 2004.

Björn Bjarnason.

Jón Þór Ólason.

REGLUGERÐ

um vinnu- og hvíldartíma skipverja á íslenskum fiskiskipum.

1. gr.

Markmið og gildissvið.

Í reglugerð þessari er mælt fyrir um lágmarkskröfur um öryggi og heilsuvernd skipverja á íslenskum fiskiskipum í tengslum við skipulag vinnutíma.

Reglugerð þessi gildir um skipverja á fiskiskipum.

2. gr.

Skilgreiningar.

Eigi má hafa yngri mann, karl eða konu, en 15 ára við vinnu á fiskiskipi. Um vinnu skipverja sem ekki hafa náð 18 ára aldri fer eftir ákvæðum reglugerðar um vinnu barna og unglinga, nr. 426/1999.

Í reglugerð þessari merkja eftirfarandi hugtök:

- a) Vinnutími: Sá tími sem starfsmaður er við störf, til taks fyrir atvinnurekandann og innir af hendi störf sín eða skyldur.
- b) Fiskiskip: Hvert það skip, skrásett sem fiskiskip, sem notað er til fiskveiða eða annarra veiða úr lífríki sjávar.
- c) Hvíldartími: Tími sem telst ekki til vinnutíma.
- d) Næturvinna: Vinna á tímabilinu milli kl. 00.00 og 07.00.
- e) Skipverji sem vinnur næturvinnu:
 - i) annars vegar skipverji sem að jafnaði vinnur að minnsta kosti þrjár klukkustundir af daglegum vinnutíma að næturlagi; og
 - ii) hins vegar skipverji sem ætlast er til að inni af hendi að lágmarki 25% af sínum árlega vinnutíma að næturlagi.
- f) Vaktavinna: Vinna sem skipt er niður samkvæmt fyrirfram ákveðnu fyrirkomulagi þar sem starfsmaður vinnur á mismunandi vöktum á tilteknu tímabili sem mælt er í dögum eða vikum.
- g) Vaktavinnuskipverji: Skipverji sem tekur þátt í vaktavinnu.

3. gr.

Vinnu- og hvíldartími.

Sérhver skipverji skal eiga rétt á nægilegri hvíld og skal hámarksfjöldi vinnustunda á viku takmarkaður við 48 klukkustundir að meðaltali reiknað yfir viðmiðunartímabil sem ekki er lengra en 12 mánuðir. Mörk vinnu- eða hvíldartíma skulu vera annaðhvort:

- a) vinnutími sem ekki má vera lengri en 14 klst. á hverju 24 klst. tímabili og 72 klst. á hverju 7 daga tímabili, eða
- b) hvíldartími sem skal að lágmarki vera 10 klst. á hverju 24 klst. tímabili og 77 klst. á hverju 168 klst. tímabili.

Hvíldartíma má skipta í tvö tímabil og skal annað vara að lágmarki í 6 klst. Tímabilið milli tveggja hvíldartíma má ekki vera lengra en 14 klst.

Skipstjóri getur krafist þess að skipverjar vinni þann fjölda vinnustunda, sem nauðsynlegur er fyrir öryggi skipsins, allra um borð, búnaðar eða farms, eða til að koma til hjálpar öðrum skipum eða mönnum í sjávarháska.

4. gr.

Árlegt orlof.

Allir skipverjar skulu eiga rétt á að minnsta kosti fjögurra vikna árlegu orlofi á launum, eða hlutfalli þar af fyrir starfstíma sem er skemmri en ár, í samræmi við viðmiðunarreglur um rétt til, og veitingu slíks orlofs sem mælt er fyrir um í lögum.

Greiðsla má ekki koma í stað árlegs lágmarksorlofs á launum, nema þegar um starfslok er að ræða.

5. gr.

Heilbrigðiseftirlit og tilfærsla skipverja sem vinna næturvinnu yfir í dagvinnu.

Skipverjar sem vinna næturvinnu skulu eiga kost á heilsufarsskoðun áður en þeir eru ráðnir til starfa, meðan þeir eru í starfi og þegar við á eftir að þeir eru hættir störfum, enda séu starfsskilyrði þeirra slík að heilsutjón geti hlotist af og ástæða til þess að ætla að á þann hátt megi koma í veg fyrir eða hefta atvinnusjúkdóma og atvinnutengda sjúkdóma. Útgerðarmaður greiðir kostnað af læknisskoðun.

Skipverjar sem vinna næturvinnu og eiga við heilsufarsvandamál að stríða sem sannanlega verða rakin til vinnutíma skulu þegar kostur er færðir til í dagvinnustörf sem henta þeim.

6. gr.

Eftirlit.

Siglingastofnun Íslands, getur hvenær sem er krafist nauðsynlegra upplýsinga til að hafa eftirlit með hvort ákvæðum reglugerðarinnar er fylgt.

7. gr.

Öryggis- og heilsuvernd.

Við skipulag vinnunnar skal gæta að öryggi og heilbrigði skipverja sé í samræmi við reglugerðir þar um.

Þeir skipverjar sem stunda næturvinnu og vaktavinnu skulu njóta öryggis- og heilsuverndar sem hæfir eðli starfsins.

Öll viðeigandi verndar- og forvarnarþjónusta og aðbúnaður er varðar öryggi og heilsufar þeirra skipverja sem vinna næturvinnu og vaktavinnu skal samsvara þeim sem gilda um aðra starfsmenn og að þessi aðstaða sé alltaf til reiðu.

8. gr.

Vinnumynstur.

Vinnuveitandi sem skipuleggur vinnu eftir ákveðnu mynstri skal taka tillit til þeirrar meginreglu að aðlaga á vinnuna að starfsmanninum, einkum með það í huga að lina áhrif einhæfra starfa og starfa sem unnin eru með fyrirfram ákveðnum hraða, og eftir því um hvaða störf er að ræða, til öryggis- og heilbrigðiskrafna, sérstaklega hvað varðar hlé í vinnutíma.

9. gr.

Undanþágur.

Heimilt er með kjarasamningum að víkja frá ákvæðum 1.-3. mgr. 3. gr. Frávik geta verið vegna hlutlægra eða tæknilegra ástæðna eða ástæðna er varða skipulag vinnunnar. Frávik skulu, að því marki sem unnt er, vera í samræmi við almennar meginreglur um verndun öryggis og heilbrigðis sjómanna, en heimilt er að draga frá þann tíma sem frí er veitt.

10. gr.

Refsingar.

Um brot gegn reglugerð þessari fer eftir ákvæðum V. kafla sjómannalaga, nr. 35/1985, með síðari breytingum.

11. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum 8. og 64. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Hún er sett til innleiðingar á tilskipun ráðsins 93/104/EB frá 23. nóvember 1993 um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma þannig að hún taki til þeirra geira og þeirrar starfsemi sem fellur utan gildissviðs þeirrar tilskipunar, ásamt síðari breytingum með tilskipun 2000/34/EB, hvað skipulag á vinnutíma á fiskiskipum varðar sem tekin var upp í XVIII. viðauka við EES samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 58/2002. Birtist í EES viðbæti nr. 6 30.01.2003 á bls. 216.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um vinnu- og hvíldartíma skipverja á íslenskum fiskiskipum, nr. 208/2004.

Samgönguráðuneytinu, 16. nóvember 2004.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

**fyrir Minningarsjóð Helgu Jónasdóttur og Bjarna Snæbjörnssonar,
læknis í Hafnarfirði.**

1. gr.

Stofnendur.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Helgu Jónasdóttur og Bjarna Snæbjörnssonar, læknis í Hafnarfirði. Sjóðurinn er stofnaður af afkomendum Helgu og Bjarna. Hann starfar á grundvelli laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun, en mun ekki hafa með höndum atvinnurekstur. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Hafnarfirði.

2. gr.

Tilgangur og starfsemi.

Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til að hlúa að hagsmunamálum og velferð barna í Hafnarfirði allt að 18 ára aldri. Einkum skulu veittir styrkir til starfsemi á vegum einstaklinga, samtaka, fyrirtækja og opinberra aðila sem veita börnum, sem eiga við erfiðleika að etja vegna fötlunar, sjúkdóma eða félagslegra aðstæðna, þjónustu og aðstoð.

3. gr.

Stofnfé.

Stofnfé sjóðsins er kr. 650.000, fengið með framlögum frá stofnendum.

4. gr.

Frekari framlög og ávöxtun fjár.

Sjóðurinn aflar og tekur á móti öllum frekari fjárframlögum, hvort sem er frá stofnendum eða öðrum er veita vilja markmiðum hans brautargengi. Fjármuni sjóðsins skal ávaxta með tryggum hætti. Stjórninni er heimilt að fela löggiltu verðbréfafyrirtæki eða viðskiptabanka að sjá um þennan þátt en ávallt skal þó fjárfestingarstefna borin undir stjórn til samþykktar fyrirfram.

5. gr.

Stjórn sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur aðilum, formanni, gjaldkera og ritara, svo sem hér segir:

1. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar tilnefnir einn fulltrúa til fjögurra ára í senn og einn til vara.
2. Sóknarpresturinn í Hafnarfjarðarkirkju skal eiga sæti í stjórninni, nema hann kjósi að tilnefna annan fulltrúa í sinn stað til fjögurra ára. Hann tilnefnir varamann fyrir sig eða fulltrúa sinn, til sama tíma.
3. Stofnendur sjóðsins tilnefna einn fulltrúa og einn til vara úr hópi afkomenda Bjarna Snæbjörnssonar og Helgu Jónasdóttur. Að fjórum árum liðnum getur aðalmaður óskað eftir að varamaður taki sæti hans. Hinn nýi aðalmaður tilnefnir þá varamann sinn úr hópi afkomenda hjónanna. Sami maðurinn skal aldrei sitja lengur en átta ár samfleytt í stjórn sjóðsins sem fulltrúi stofnenda.

Fulltrúi stofnenda gegnir starfi formanns stjórnar. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Formaður kallar stjórnina saman til fundar. Hann kemur fram fyrir hönd sjóðsins og er forsvarsmaður hans á opinberum vettvangi. Gjaldkeri ber ábyrgð á fjárvörslu, færslu reikninga og skýrslugerð til Ríkisendurskoðunar skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 19/1988. Ritari annast færslu fundargerða og varðveislu þeirra gagna og skjala er sjóðnum berast.

Stjórnin tekur ákvarðanir á fundum sínum og skal haldin gerðabók um alla fundi og bóka skilmerkilega þær ákvarðanir er teknar eru.

Stjórnin skal velja endurskoðendur sjóðsins. Reikningsár sjóðsins skal miðast við almansárs.

6. gr.

Ráðstöfun fjár.

Stjórn sjóðsins annast styrkveitingar úr sjóðnum og setur sér frekari úthlutunarreglur á grundvelli 2. gr. skipulagsskrár þessarar. Ekki er heimilt að veita hærri styrki úr sjóðnum á ári en nemur árlegri ávöxtun sjóðsins.

Stjórnarmenn hljóta ekki þóknun fyrir setu í stjórn sjóðsins

7. gr.

Breytingar á skipulagsskrá.

Nafni sjóðsins og meginmarkmiðum verður ekki breytt.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, en til þess þarf samþykki allra stjórnarmanna og staðfestingu dómsmálaráðherra.

Samþykki allra stjórnarmanna þarf til að leggja sjóðinn niður. Skal eignum hans þá ráðstafað í samræmi við tilgang sjóðsins.

Stofnendur sjóðsins, sem eru afkomendur Helgu Jónasdóttur og Bjarna Snæbjörnssonar, samþykkja hér með að leita eftir staðfestingu dómsmálaráðherra á ofangreindri skipulagsskrá. Þeir samþykkja enn fremur að tilnefna Bjarna Jónasson, sonarson hjónanna, kt. 210549-3239, sem aðalfulltrúa stofnenda í stjórn sjóðsins, og Árna Snæbjörnsson, sonarson hjónanna, kt. 120755-3079, sem varamann hans, sbr. 3. tl. 1. mgr. 5. gr. skipulagsskrárinnar.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. nóvember 2004.

F. h. r.

Hjalti Zóphóníasson.

Bryndís Helgadóttir.

REGLUR

fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag Reykjanesbæjar, Sandgerðisbæjar, Gerðahrepps og Keflavíkurflugvallar 1995-2015.

1. gr.

Samvinnunefnd um svæðisskipulag Reykjanesbæjar, Sandgerðisbæjar, sveitarfélagsins Garðs og Keflavíkurflugvallar er skipuð 2 fulltrúum frá varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytis, 2 fulltrúum frá Reykjanesbæ, 2 fulltrúum frá Sandgerðisbæ, 2 fulltrúum frá sveitarfélaginu Garði, og 1 fulltrúa frá Skipulagsstofnun með fullum réttindum annarra nefndarmanna öðrum en atkvæðisrétti.

2. gr.

Hlutverk samvinnunefndar er að breyta gildandi svæðisskipulagi fyrir varnarsvæðið á Keflavíkurflugvelli og umrædd sveitarfélög og leggja fram tillögu þar um, sbr. 14., 12. og 13. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

3. gr.

Fundur er lögmætur ef formaður og helmingur annarra atkvæðisbærra nefndarmanna er viðstaddur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki ályktað um mál sem varða sérstaklega hagsmuni varnarsvæðis á Keflavíkurflugvelli eða eins sveitarfélags að fulltrúum þess fjarstöddum.

Senda skal fundargerðir til nefndarmanna, skrifstofustjóra varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytis, oddvita sveitarfélaganna og Skipulagsstofnunar.

4. gr.

Þegar samvinnunefndin hefur samþykkt tillögu að skipulagi svæðisins skal hún auglýst í Lögbirtingablaði og með áberandi hætti á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli og í viðkomandi sveitarfélögum og höfð þar til sýnis ásamt fylgiskjölum í a.m.k. fjórar vikur. Einnig

skal tillagan auglýst utan varnarsvæðis og sveitarfélaganna. Áður en tillagan er samþykkt í samvinnunefndinni fyrir auglýsingu skal hún kynnt á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Að loknum athugasemdafresti sem eigi má vera skemmri en 6 vikur tekur nefndin afstöðu til athugasemda og afgreiðir tillöguna til varnarmálaskrifstofu og sveitarstjórna innan 6 vikna. Að loknum 6 vikna umþóttunartíma varnarmálaskrifstofu og sveitarstjórna skal samvinnunefndin afgreiða samþykktu tillögu til Skipulagsstofnunar sem gerir tillögu til utanríkisráðherra og umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu.

5. gr.

Stefnt skal að því að samvinnunefndin ljúki störfum fyrir 1. apríl árið 2005.

Að rökstuddri beiðni nefndarinnar geta utanríkisráðherra og umhverfisráðherra framlengt starfstíma hennar.

6. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 12. gr. skipulags- og byggingarlaga, sbr. 61. gr. sömu laga, og öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytinu, 10. nóvember 2004.

Sigríður A. Þórðardóttir.

Ingimar Sigurðsson.

